


Frétta- og upplýsingabrunnur Kópavogsbúa - Nú á tíunda árgangi!

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

BLAÐIÐ PITT! 20. tbl. 10. árg. Miðvikudagur 20. október 2004 Kemur út annan hvern miðvikudag og er dreift ókeypis inn á öll heimili og fyrirtæki í Kópavogi **Eina óháða blaðið í bænum sem gefið er út af Kópavogsbúum fyrir Kópavogsbúa!** **Upplag 10.500 eintök**

Pín bifreiðaskoðun!
S: 587 33 44



Aðalskoðun hf.
Gerpluhúsinu Kópavogi
Helluhrauni, Hafnarfirði
Ísbjarnarhúsinu, Seltjarnarnesi
Sóltúni 3, Reykjavík



88 Rótarýfélagar og makar úr Kópavogi í Vesturheimi

Þessi föngulegi hópur, úr Rótarýklúbbsi Kópavogs og Rótarýklúbbsnum Borgum hér í Kópavogi, hélt í heljarmikla ferð til Kanada nú í sumar.

Þátttaka var mjög góð, því alls fóru 88 manns í ferðina, auk þriggja fararstjóra. Mikill og góður undirbúningur skilaði frábærum árangri og veðrið lék

við hópinn og móttökur Vestur-Íslendinganna voru frábærar.

Hópurinn tók þátt í tveimur Íslendingadögum, bæði í Gimli og Mountain, þar sem hópurinn var með í skrudgöngum.

Klúbbarnir gáfu hátt í 50 þúsund krónur í minningarsjóð Þingvallakirkju og einnig gengust þeir fyrir sameiginlegum

fundi í Bethel í Gimli. Gestir á fundinum voru Rótarýfélagar á svæðinu og urðu fundarmenn rúmlega eitt hundrað. Fyrirlesari var Stefan J. Stefanson, sem rakti í ítarlegu máli fyrstu ár landnemanna í Vesturheimi og sýndi sögukvikmynd, sem hann hefur látið gera og er mjög vel unnin og fróðleg.

Undirbúningur og fararstjórn voru í höndum Almars Grímssonar og Jónasar Þórs, sem er Kópavogsbúi. Aðdragandi ferðarinnar var nærri ár. Skipulagðir upplýsingafundir voru haldnir um sögu Vestur-Íslendinga, land og þjóðlíf. Hópurinn las af kappi og leitaði uppi ættartengsl. Mikil hjálp í þeim efnum er Vestur-

farasetrið á Hofsósi. Gaman var að upplifa þegar ferðafélagi var kominn „í túnið“ hjá nánum ættingja.

Ferðanefndin, Birna Bjarnadóttir, Guðmundur Ólafsson og Kristján Guðmundsson dásömuðu ferðafélagana fyrir einstaka samheldni og glaðværð, sem gerði góða ferð enn betri.



Í vígahug í verkfalli...

Krakkar úr félagsmiðstöðvunum Jemen, Þebu og Fönix fóru um síðustu helgi í Laser Tag uppi í Heiðmörk.

Að sögn Héðins Sveinbjörns-sonar, eins skipuleggenda var mætt í Heiðmörk á hádegi á

sunnudegi, en þá var um tveggja til þriggja stiga hiti.

Um 60 krökkum var skipt í hópa, sem leystu ýmis verkefni, en aðalmarkmið ferðarinnar var að taka þátt í Laser Tag-keppni í skóginum í Heiðmörk.

Ekki var að heyra annað en að krakkarnir hefðu skemmt sér ljómandi vel. Á myndinni er svo góður hluti hópsins, það er hraustari hluti hópsins, því skræfurnar voru þegar farnar heim.

Oft er fjör á föstudögum!



Þessir hressu krakkar eru hluti þeirra krakka á aldrinum 10 - 12 ára, sem eru í Lindasókn og eiga þess kost að taka þátt í skemmtilegu starfi KFUM og KFUK alla föstudaga kl. 15. Meðal annars er farið í leiki og

þessi tveggja hæða strætó leikur stórt hlutverk í dagskránni og ekur um hverfið fyrir og eftir fund. Krakkarnir fá líka tækifæri til að leika sér í vagninum á fundartíma, en næsti fundur verður óvissufundur.



Þú getur á einfaldan hátt minnkað líkur á meltingartruflunum og magakveisum í daglegu amstri!

Lepicol eru trefjar sem innihalda gerla sem aðstoða við að viðhalda góðri meltingu og vinna gegn óæskilegum bakteríum í þörmum

Lyf & heilsa

Hamraborg 11
Sími: 554 0102
Opíð virka daga: kl. 9 - 18.
Laugardaga: kl. 10 - 14

Smiðjuvegi 2
Sími: 577 3600
Opíð virka daga: kl. 9 - 18.
Laugardaga: kl. 10 - 14

Salavegi 2
Sími: 534 3030
Opíð virka daga: kl. 9 - 18.